

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25
10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66 1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða- ákvæðum þús.kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða- ákvæðum þús.kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamanna- kaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum viku- kaups:		
1. september 1980	8 386	25 157

Samgönguráðuneytið, 8. september 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á viðmiðunarverði á loðnuafurðum
fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til loka yfirstandandi árs.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi viðmiðunarverð á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til loka yfirstandandi árs:

Loðnumjöl § 8.50 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi § 520.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum skulu nema 50% fyrir mjöl og 65% fyrir lýsi af verðbreytingum frá viðmiðunarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma. Verðgrundvöllurinn er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp eða því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. september 1980.

**F. h. r.
Jón L. Arnalds.**

Kristín Magnússon.